













Byggingarlýsing:

Bali 9-11, Patreksfirði er parhús á einni hæð með sambyggðri bílgeymslu og rislagaði þak - byggingin er í notkunarflokki 3.
Húsið er byggt úr timbri og hvílir það á steyptum undirstöðum - berandi byggingarhlutar eru a.m.k R30 en veggir að og hæðarskil yfir bílgeymslu skulu vera EI60 ásamt stöfnum hússins.
Húsið er hannað samkv. algildri hönnum með þeim frávikum að hægt sé að gera breytingar án mikils tilkostnaðar ef hreyfihamlaður einstaklingur flytur í húsið.
Að innhurðum íbúða (merkt (R) á teikningum) skal leggja plaströr til ofopnunar þ.e ef hurðin fullnægir ekki kröfum um aðgengi vegna hlöðarrýmis. Þetta er gert til að hægt að sé að rafopna hurðina ef að hreyfihamlaður einstaklingur flytur í íbúðina. Staðsetning á dósum vegna þessa skal vera samkv. reglum þar um. Rafopnun skal vera beggja vegna við hurðir.
Sjá teikn. 1304 með algildri hönnun hússins.

Undir steypt jarðgólf komi 100mm einangrun. Gólf eru pússað og lagt parketi/flísum nema gólf í bílgeymslu er lakkað. Utan á sökkul er einangrað að utanverðu með 50mm sökkulplötu. Sýnilegi hluti sökkulplötu er múrhúðaður (leyfilegt að nota viroc/álplötur) 15sm niður fyrir jarðvegsyfirborð.

Útveggir eru gerðir úr 45x145mm styrkleikaflokkuðum timburstoðum og einangraðir með 150mm steinull (þettull). Innan á veggi komi rakavörn, lektur og gipsplötur (rakagips í blautrýmum).
Að utan er klætt með 12mm rakav. krossviði, lektum og lósgrárri bylgjuðri álklæðningu - á hluta útveggja er klætt með timburklæðningu í maghogny lit.
Vegna nálægðar við lóðarmörk þ.e út frá stöfnum á milli Bala 11 og 13 eru þeir gerðir samkv. EI60 þ.e utan á krossvið komi 9mm útigips og steinull skal neglast föst sbr. kröfur þar um - við þetta má stafnveggur vera allt að 3,0m metrum frá lóðarmörkum þar sem veggjayfirborð flokkast í flokki 1.
Loftun útveggja skal vera samkv. reglum þar um.
Léttir veggir (12sm) eru gerðir úr bikkstoðum og klæddir beggja vegna með tveimur lögum af gipsplötum (blautgips inn í blautrými). EI60 veggur (15sm) milli íbúðarýmis og bílgeymslu er gerður úr 45x95mm timburstoðum er einangrist með 100mm steinull (þettull) er neglist föst sbr. reglur þar um og klæðist beggja vegna með tvöföldum plötum þ.e spónaplötur sem innra lag en gipsplötur sem ysta lag. EI60 veggur tengist lárettu EI60 lofti bílg. þannig að hún verði sérstakt brunahólf.
Allar veggjaklæðningar íbúðar innanhúss skulu vera í flokki 2 eða betri en veggjaklæðningar í bílgeymslu skulu vera í flokki 1. Allir veggjaflettir innanhúss eru spartsaðir og málaðir.

Þak er gert úr kraftsperrum úr timbri er hvíla á útveggjum. Oil loft eru tekin niður innanhúss, lektuð og klædd gipsplötum (rakagips í blautrýmum - tvöfalt gips í bílg.).
Niðurtekin loft eru einangruð með 220mm steinull/vindpappa - í EI60 bílgeymslulofti skal einangrun virað upp samkv. reglum þar um. Oil loft spartlist og málist. Að ofan er þak klætt með 25mm borðaklæðningu viðurkenndum þakpappa og bylgjaðri álklæðningu í dökkgráum lit. Loftun og flugnanet komi í þakbrúnir. Þakkantar eru klæddir álplötum í dökkgráum að lit sbr. þak. Loftun þaks er samkv. reglum þar um. Allar loftaklæðningar skulu vera í flokki 2 eða betri en loft bílgeymslu skal vera í flokki 1.
Ei,60-CS, loftahleri (70x100sm) komi í loft bílgeymslu.

Snjógildrur komi í þak yfir hurðum.

Gluggar og útihurðir eru í hvítum lit og smíðist úr timbri með áfiasningum. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra útihurða skal minnst vera 0,83m og samsvandi hindrunarlaus hæð minnst 2,07m. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra svalahurða skal minnst vera 0,80m og samsvarndi hindrunarlaus hæð minnst 2,00m. Almennt gildir að öryggisgler komi í glugga/hurðir þar sem fjarlægð í gólf er minna en 60sm. Gler er tvöfalt einangrunargler (gasfyllt (Argon eða krypton)).
Út/svalahurðir skulu vera með lágþröskuldi (25mm og gerðir fyrir hjólastóla). Út/svalahurðir skulu vera með sneril að innan. Innhurðir smíðist úr timbri og skal umferðarbreidd þeirra vera 80sm og samsv. hæð 200sm.
Bréfalúga kemur í aðalhurð og skal staðsetning hennar og stærð gerð sbr. reglur þar um. 8Ó táknar björgunarop í glugga (minnst 60sm breitt en hæð+breidd skal ekki vera minni en 150sm) og skal læsing á opnanlegu fagi gerð samkv. reglum þar um. Bílgeymsluhurð er hvít að lit og er hún léttbyggð fyrithurð með 35mm samlokupanel.

Inntök veitustofnana komi í bílgeymslu. Í oil blautrými koma niðurfóll (GN). Neysluvatnslagnir eru álpexlagnir er koma í áratáttahólka og eru staðsettar í steyptu gólfi (lagnir fyrir kalt vatn komi undir einangrun gólfs) en gólfhitalagnir eru 20mm plastpípur (PePex) sem lagðar eru í steypt gólf þ.e ofan á járnamottu gólfs þannig að steypulag yfir lagnir verði minnst 5sm. Stýring gólfhita er gerð með hitanemum og mótorlokum sem staðsettir eru við deilikistur. Framrás helts neysluvatns við innlak skal ekki vera lægra en 65°C en takmarkað við 43°C við töppunarstað (hitastýrð blöndunartæki eða hitastýrðir blöndunarlokar settir við alla töppunarstaði). Frárennslislagnir í grunni og utanhúss eru PVC plastpípur en innanhúss eru notaðar PP plastpípur. Fráreinnsli er lagt í holræsakerfi bæjarins. Frágangur á hetum potti skal gerður samkv. reglugerðum þar um. Hann skal vera með læstu loki og efri brún hans skal vera a.m.k 40sm yfir gönguvæði umhverfis hann. Útkranar eru staðsettir við verönd og inngangsdyr. Raflagnir eru hefðbundnar. Við bílastæði utanhúss og í bílg. skal gert ráð fyrir mögulega tengingu vegna hleðslu rafbíla.
Vélknún loftræsing kemur í eldhúsi/bílgeymslu/þvott/baðherb.. Afköst ekki minni en lámarkskröfur byggingareglugerðar. Lagnastokkar koma upp úr þaki/vegg og endi þar í viðurkenndum lofthatt með vind/regnvist. Í bílgeymslu komi svokallað "lunga" í útvegg en rist komi í bílgeymsluhurð og er hún staðsett niður við gólf. Aðrar loftræsingar eru gerðar í gegnum opnanlega glugga. Snjóbræðsla komi í inngangsstétt við anddyri.

RS táknar staðsetningu á reykskynjara - 2 koma í íbúð og 1 í bílgeymslu. Í íbúð og bílgeymslu koma handslökkvitæki af viðurkenndri gerð. Í íbúðinni skal vera læstur skápur fyrir geymslu á lyfjum. Einnig skal vera læst geymsla eða skápur fyrir þvottaefni, hreinsiefni o.þ.h. Innréttingar smíðist úr timbri.
Eingöngu er heimilt að nota byggingavörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar samanber kafla VIII.
Teikningarnar eru yfirfarnar af burðarvirkishönnuð.

Veröndd, bílastæði og gangstéttar eru steinsteypt en aðrir hlutar lóðar grasagarðir. Sorgerði er gert úr timbri (opið að ofan). Veggir á verönd eru gerðir úr timbri.

NR	DAGS	BREYTING
A		
B		
C		
Aths:		

H.S.Á. TEIKNISTOFA
TGT Hönnunarþjónusta ehf - SUNNUHLÍÐ 12 - 603 AKUREYRI - kt. 701210-1230
sími 464-4800 - fax 464-4801 - hsa@hsa.is - www.hsa.is

VERKHEITI
Balar 9-11, Patreksfirði.

HEITI TEIKNINGAR
Grunnmynd, útlit og snið.

VERK NR	TEIKN NR	KVARÐI	DAGS
20-406	1302	1:100	08.12.2020
HANNAÐ	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	BREYTT/ÚTG
HÁ	HÁ		

MÆLIKERFI Í LÁRÉTTRI STEFNU: ÍSN 1954 H_ISN93
STEINHÆÐ H: ÞJÓÐSKRÁRHÆÐ (H: ISN93)=0,769

Arkitektateikn | Lagnir/Stoðvirkjateikn